



Fundur í byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 30. apríl 2014 kl. 16:00.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, form. byggingarnefndar

Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi í byggingarnefnd

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

Jón Þór Þorvarðarson var fjarverandi v/lasleika.

1. Sauðburðarskýli í Bessastaðagerði.

Guðmundur Pétursson í Bessastaðagerði sækir um að byggja sauðburðarskýli til tímabundinna afnota á jörð sinni. Skýlið verður staðsett neðan vegar á móts við íbúðarhúsið. Skýlið er byggt úr timbri með bárujárni á þaki. Grunnflötur skýlisins er 12 m x 5,4 m. Byggingarnefnd veitir fyrir sitt leyti stöðuleyfi fyrir skýlið til eins árs.

2. Sauðburðarskýli í landi Skriðuklausturs.

Hallgrímur Þórhallsson ábúandi á Skriðuklaustursjörðinni sækir um að byggja sauðburðarskýli til tímabundinna afnota. Samkvæmt afstöðumynd er ætlunin að skýlið verður staðsett á grónum hjalla neðan við byggingu Vatnajökulsþjóðgarðar. Staðsetning skýlisins skv. afstöðumyndinni er innan afmarkaðs svæðis fyrir deiliskipulag á Skriðuklaustri. Gerð og stærð skýlisins er sú sama og hjá Guðmundi í Bessastaðagerði.

Áður en til framkvæmda kemur fer byggingarnefnd fram á að staðsetning skýlisins verði kynnt fyrir forráðamönnum Gunnarsstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs og geri þeir athugasemdir við staðsetninguna verði skýlið reist utan afmarkaðs deiliskipulags eða á þeim stað sem fyrrgreindir aðilar samþykkja. Að lokinni grenndarkynningu og ásættanlegri niðurstöðu hagsmuna aðila um staðsetningu sauðburðarskýlisins, samþykkir byggingarnefnd að veita stöðuleyfi fyrir skýlið til eins árs.

3. Lóðaleigusamningur vegna sumarbústaðalóðar í landi Hrafnkelsstaða.

Samningurinn er gerður milli Hjartar Kjerúlfs kt. 110245-4839 eiganda Hrafnkelsstaða og Ásgeirs Eiríkssonar kt. 160786-2729. Stærð lóðarinnar er hálfur hektari og er lóðin afmörkuð með hnitum í samningi. Óskað er eftir að umrædd lóð verði skráð í þjóðskrá í samræmi við samninginn.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti og felur byggingarfulltrúa að sjá til þess að lóðin verði skráð.

4. Gæðastjórnunarkerfi fyrir embætti byggingarfulltrúa.

Byggingarfulltrúi gerði grein fyrir fyrirliggjandi kröfum um gæðastjórnunarkerfi fyrir embætti byggingarfulltrúa sem Mannvirkjastofnun

skal staðfesta fyrir 1. janúar 2015. Stjórn félags byggingarfulltrúa (FB) hefur á síðustu mánuðum verið að skoða þann möguleika á að útbúa grunn að gæðastjórnunarkerfi fyrir byggingarfulltrúa eins og margir félagar FB óskuðu eftir að yrði gert á síðasta aðalfundi í Reykholti og fram hefur komið á samráðsfundum.

Stjórnin hefur átt fundi með tölvufyrirtækjum sem eiga kerfi til að halda utan um gæðamálin svo sem One systems og Þekkingu. Utanumhaldskerfin eru til staðar sem hvert og eitt embætti ákveður sjálfst að velja að nota eða ekki.

Stóra skrefið er að búa til grunninnihaldið þ.e. handbók gæðakerfis sem þarf að uppfylla kröfur í kafla 8 sem fjallar um gæðastjórnunarkerfi í ISO 17020 staðals um samræmismat. Í framhaldi af því hafði stjórn FB samband við fyrirtækið Provis ehf. sem sérhæfir sig í gerð slíkra handbóka og eru þeir tilbúnir að vinna verkið fyrir embættin og með byggingarfulltrúum. Hugmyndin er sú að setja upp líkan af gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa ásamt því að gera tillögur að ferlum kerfisins ásamt drögum að uppsetningu handbókar. Provis mun einnig bjóða upp á aðstoð við byggingarfulltrúa eftir þörfum hvers og eins, við uppsetningu og innleiðingu ásamt því að halda námskeið í innri úttektum sem hvert embætti velur að gera og greiða þarf sérstaklega fyrir.

Þessu fylgir kostnaður sem gæti orðið á bilinu 2.6 millj. til 3.6 millj. eftir því hvernig málin vinnast og hefur stjórn FB samþykkt að greiða ¼ af þessari upphæð en restinni yrði deilt niður á embættin.

Embættin eru um 45 og yrði því kostnaður hvers embættis því ekki mikill eða um 50 þús. til 70 þús. + vsk sem sveitarfélagið ætti að geta fengið endurgreitt.

Byggingarfulltrúi hefur gert oddvita grein fyrir málinu og mælir með því að Fljótsdalshreppur taki þátt í þessu enda ekki undan því vikist að fá staðfestingu Mannvirkjastofnunar á gæðastjórnunarkerfi fyrir Fljótsdalshrepp fyrir 1. jan. n.k.

5. Skipulagsmál.

Oddviti mætti á fundinn kl. 16:45 og gerði grein fyrir vinnunni við gerð aðalskipulag fyrir Fljótsdalshrepp, sem hefur verið í vinnslu hjá Landmótun ehf. Auglýsingaferli aðalskipulagsins er að ljúka nú í byrjun maímánaðar þar sem leitað er eftir athugasemdum við framlögð gögn. Að því loknu verður væntanlega ekkert því til fyrirstöðu að ljúka endanlega við afgreiðslu þess.

Oddviti gerði einnig grein fyrir að Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi Fljótsdalshrepps hefði verið samþykktur sem skipulagsfulltrúi hreppsins af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og í framhaldi af því er gert ráð fyrir að skipulagsmál falli jafnframt undir verksvið væntanlegrar byggingar- og skipulagsnefndar sem skipuð verður að loknum kosningum í vor. Verksvið nýrrar nefndar verður í samræmi það útvíkkað frá því sem nú er.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf
Helga Vigfúsdóttir